

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2004 -2005

Góðir aðalfundargestir. Að loknum síðasta aðalfundi FENÚR sem haldinn var í Golfskálanum á Leirum 26. mars 2004 skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður hafði verið kosinn sérstaklega á aðalfundinum en önnur verkaskipting varð þessi:

varaformaður Pétur Bjarnason,
ritari Guðmundur Tryggvi Ólafsson
gjaldkeri Ragna Halldórsdóttir
meðstjórnandi Úlfar Haraldsson

Stjórnin hélt 12 fundi á starfsárinu og voru aðalmenn og varamenn í stjórn boðaðar á fundina. Fundargerðir þessara funda liggja fyrir.

Á ráðstefnu sem þá var haldin í kjölfar aðalfundar í fyrra var sorpbrennsla einkum í brennidepli ekki síst með tilliti til að þá var hin nýja sorpbrennslustöð Kalka nýtekin í notkun en hún er stærsta sorpbrennsla sem reist hefur verið á Íslandi til þessa. Fyrirlesarar reyndu m.a. að gera grein fyrir möguleikum þessarar aðferðar við úrgangsstjórnun og úrgangseyðingu. Þá var farin skoðunarferð um stöðina og þegnar veitingar í boði Kölku. Víða erlendis einkum í þéttbýlum landlitlum ríkjum þar sem náttúrulegar orkulindir eru engar þykja sorpbrennslur sjálfsagður kostur og geta sameinað ýmsa kosti sem ekki eru eins áberandi í landi eins og Íslandi þar sem innlend náttúruleg orka er tiltölulega ódýr og landrými mikið. Þó má vera að reglugerðir Evrópusambandsins sveigi okkar sorpmeðhöndunarstefnu í meira mæli til brennslu en áður var talið.

Haustráðstefna Fenúr var haldin á Ísafirði 12. nóv sl. einmitt á stað þar sem næststærsta sorpbrennsla landsins er starfrækt og því má segja að sérstök áhersla hafi verið lögð á sorpbrennslur á starfsárinu. Auk erindis um sorpbrennslustöðina Funa og skoðunarferðar um stöðina þar sem þegnar voru veitingar í boði Gámaþjónustu Vestfjarða og Funa var m.a. fjallað um úrgangsstjórnun á Vestfjörðum og fjallað um sérstöðu Vestfirðinga í því tilliti. Þegar slíkar dagsráðstefnur eru skipulagðar út á landsbyggðinni á þessum árstíma þá má segja að samgöngur geti sett strik í reikninginn. Þó veður sé hagstætt eins og segja má að það hafi verið á haustráðstefnum tveggja síðustu ára þá er t.d. flugáætlun þannig frá Reykjavík til Ísafjarðar að heildartíminn vegna ráðstefnunnar sl. haust gat ekki orðið nema 6 klst og er þá allt meðtalið ferðir, ráðstefna og skoðunarferðir.

Þátttaka í þessari ráðstefnu var nokkuð góð þó aðilar af Vestfjörðum hafi verið misjafnlega duglegir við að sækja ráðstefnuna.

Frá stofnun FENÚR hefur haustráðstefna utan Reykjavíkursvæðisins verið fastur liður í starfseminni og oftast tekist ágætlega þrátt fyrir misjafn veður á stundum.

Nú er ætlunin að breyta etv til á næsta hausti eins og ég mun greina frá síðar á fundinum

Heimasíða FENÚR (www.fenur.is) var starfrækt og er þægilegt og hentugt tæki til að hafa samband við félagsmenn og aðra þá sem hafa áhuga á málaflokknum. Sem fyrr vann Gyða Björnsdóttir mest að uppfærslu og fl. sem tengist síðunni. Á síðunni er nú að finna ýmsan fróðleik um FENÚR og almennan fróðleik um úrgangsmál og endurvinnslu en auk þess er auðvelt að tengjast öðrum skyldum heimasíðum. Félagsmenn mættu gjarnan senda okkur efni sem það telur að geti átt erinda inn á síðuna.

Virknir starfshópa á vegum félagsins hefur verið lítil sem engin á árinu en fyrri fundargerðir þeirra má finna á heimasíðu FENÚR.

Ekki hefur tekist að blása lífi starfhópana þetta árið og kemur þar margt til. Engin ástæða er þó að leggja þá niður og vonumst við til að hópstjórar kalli til fundarhalda bráðlega. Ráðgjafastjórn samtakanna hefur verið óvirk í mörg ár og líkast til óraunhæf og er þörf á að breyta samþykktum félagsins þannig að þær falli betur að þeim raunverulegu aðstæðum sem ríkja í okkar starfsumhverfi. Mun það verða gert að frumkvæði stjórnar á næsta aðalfundi að ári.

Formaður FENÚR ásamt Birni Halldórssyni tóku þátt í árlegum fundi NAF (Nordisk Affald forening) en þetta eru fremur óformlegir fundir félaga á borð við FENÚR á Norðurlöndum sem haldnir eru árlega og var nú komin röðin að Íslandi að halda fundinn. Kostnaður vegna þessa var allur greiddur af styrktaraðilum sem voru Sorpa og Gámaþjónustan hf auk þess sem umhverfisráðuneytið kom til styrktar fyrir tilstuðlan þáverandi umhverfisráðherra Sivjar Friðleifsdóttur.

Öll norrænu samtökin ætluðu að sameinast um námsstefnu í Stokkhólmi nú í apríl næstkomandi um tækni í meðferð og söfnun sorps með sogkerfum sem hafa þróast hratt víða erlendis. Því miður hefur námsstefnu þessari verið aflýst vegna lítillar þátttöku en nokkrir Íslendingar höfðu m.a. annarra tilkynnt þátttöku.

Formaður FENÚR sótti aðalfund ISWA í Róm í október 2004 en það eru í raun einu alþjóðalegu samtökin sem FENUR á fulla aðild að. Í lok aðalfundanna er haldin vegleg 2-3 daga ráðstefna þar sem áragrúi erinda er fluttur. Á vegum ISWA sem hafa aðalskrifstofu í Kaupmannahöfn eru starfandi nokkrir starfshópar sem full ástæða er til að benda á og hvetja

menn og fyrirtæki til að taka þátt í starfi þeirra. Sorpa hefur um skeið átt fulltrúa í einum þessara. ISWA vinnur gríðarlega merkilegt starf og má í því sambandi benda á heimasíðuna ww. ISWA.org. Starfið í starfshópunum er fyrst og fremst sjálfboðaliðsstarf sem veitir um leið mikla þekkingu í málaflokknum. Samtökin samtökin hafa auk þess nokkra starfsmenn á skrifstofunni í Kaupmannahöfn og er heildarvelta samtakanna um 6 milljónir danskra kr. Til samtakanna teljast tæplega 1000 aðilar, fyrirtæki af ýmsum gerðum, samtök, sveitafélög og ýmis svæðisyfirvöld í 36 löndum í öllu heimsálfum. Forseti samtakanna er Mr. Vasuki en hann er bandarískur og fyrrverandi formaður SWANA.

Eins og kunnugt er þá tók nýr umhverfisráðherra Sigríður Þórðardóttir við embætti síðastliðið haust og nú í febrúar fóru hluti stjórnar FENÚR til fundar við hana að gera henni grein fyrir samtökum okkar en þau þekkti hún að nokkru leyti fyrir þar sem hún var ráðstefnustjóri á ráðstefnu okkar fyrir ári síðan. Tók ráðherra okkur vel og lagði áherslu á gott samband yrði á milli Fenúr og ráðuneytis í framtíðinni..

Fjármál Fenúr þróuðust með svipuðu móti og gert hafði verið ráð fyrir. Heildartekjur á síðasta ári voru rúmlega þrjár milljónir, þar af voru kr. 800 þús vegna sölu á merkjum. Afgangur eða hagnaður u.þ.b. 1 millj. kr varð af starfsemi félagsins síðastliðið ár

Fenúr hefur frá upphafi verið með þjónustusamning við Sorpu um vistun og vinnu fyrir félagið. Þessi vinna hefur lotið að, reikningshaldi, sölu á merkjum, vinnu við heimasíðu, aðstöðu og fl. sem tengist rekstrinum. Gjald fyrir þessa þjónustu hefur verið afar lágt um árabil og hefur mátt líta á samninginn amk að hluta til sem styrk við félagið. Með nýjum og ýtarlegri samningi var gjaldið hækkað í áföngum og verður kr. 75 þús á mánuði frá síðustu áramótum.

Enginn fjárhagslegur grundvöllur er fyrir sjálfstæðu skrifstofuhaldi félagsins eins og við þekkjum hjá systursamtökum á Norðurlöndum jafnvel þó að miðað yrði við stuttan opnunartíma á degi hverjum.

Starfsáætlun Fenúr fyrir 2005 til 2006 liggur hér frammi ásamt fjárhagsáætlun

Brýnt er að kynna starfsemi félagsins og afla fleiri félagsmanna bæði innan opinbera geirans og einkageirans en eins og kunnugt er þá hafa sveitafélög miklum skyldum að gegna í málaflokknum og hljóta því að hafa mikla hagsmuni af því að fylgjast vel með en nokkurt áhugaleysi um starf félagsins hefur ríkt meðal sumra sveitafélaga

Að lokum langar mig að rifja upp með ykkur helstu markmið FENÚR. Þessi markmið setti félagið sér við stofnun fyrir 7 árum en þau eru þessi:

- að stuðla að minnkun úrgangs í samfélaginu,
- að auka þróun í meðhöndlun og meðferð úrgangs,
- að vera leiðandi afl í umfjöllun um úrgang og meðferð hans,
- að vera leiðandi í öflun upplýsinga um þróun og meðferð úrgangs í heiminum og dreifa upplýsingum til félagsmanna sem og á opinberum vettvangi,
- að hafa áhrif á setningu laga og reglugerða er varða úrgang og meðhöndlun hans.

Af þessari upptalningu lokinni þarf ekki að fjölyrða um að næg verkefni eru fyrir félagið og margt óunnið.

Að svo mæltu þakka ég ég stjórn og öllum félagsmönnum samstarfið á því starfsári sem er að ljúka.

Reykjavík 30. mars 2005

F. h. Framkvæmdastjórnar FENÚR

Elías Ólafsson
formaður stjórnar